

Frumvarp til fjárlaga 2006 -Forsendur fjárveitinga til kennslu í háskólum-

Verðflokkar náms eru á bilinu frá 419 þús.kr. til 2.235 þús.kr. á ársnemenda áður en tilteknir liðir eru dregnir frá, m.a. hluti af tekjum skólanna af skrásetningargjöldum nemenda¹ og reiknuð fjárbinding í húsnæði í eigu ríkisins. Þessi frádráttarliðir og framsetning þeirra í frumvarpinu gera það að verkum að ekki er hægt að bera saman útgjöld til skólanna þótt þeir fái framlög samkvæmt sömu reglum. Áætlaðar tekjur ríkisháskólanna af innritunargjöldum eru færðar í frumvarpinu sem hluti af fjárveitingu ríkisins, merktar sem ríkistekjur á meðan tekjur einkaskólanna af skólagjöldum koma hvergi fram.

Verðflokkar, án frádráttarliða	Reikni- flokkur	Verð í þús.kr.	Verð- hlutfall
Nám á sviði félags- og mannvísindi, guðfærði, lögfræði og annað sambærilegt	Fl. 1	419	1,0
Styttra nám á sviði tölvufræða, stærðfræði og annað sambærilegt	Fl. 2	664	1,6
Hjúkrunarnám og hliósthætt nám sem m.a. felst í þjálfun við meðhöndlun sjúklinga	Fl. 3	752	1,8
Kennaranám og annað hliósthætt nám sem m.a. felst í æfingakennslu	Fl. 4	714	1,7
Nám í raunvísindum, verk-, raun- og tæknifræði, m.a. verkl. æfingar og notkun sérhæfðs búnaðar	Fl. 5	955	2,3
Læknisnám sem felst m.a. í verklegum æfingum, notkun sérhæfðs búnaðar og þjálfun	Fl. 6	1.340	3,2
Nám í tannlækningum	Fl. 7	2.235	5,3

Verðflokkar listnáms á háskólastigi liggja ekki fyrir með sama hætti og vegna annars náms. Áætlað er að framlög á ársnemenda í Listaháskólanum séu á bilinu 714 þús.kr. til 2.766 þús.kr. og eru framlög til þróunarstarfs innifalin í verðunum.

Í frumvarpinu er framlag til kennslu miðað við 11.095 ársnemendur í háskólum. Þetta er fjölgun um 451 ársnemenda frá fjárlögum 2005 sé tekið tillit til þess að framlög á óskiptum lið var ráðstaðafað í rannsóknir og önnur verkefni háskólanna.

Ársnemendur	HÍ	KHÍ	HA	VHB	HR	LHÍ	Áætlað 2006	Áætlað 2005
Félags- og mannvísindi	3.530	0	400	400	900	0	5.230	5.043
Tölvufræði og stærðfræði	170	0	45	0	260	0	475	515
Hjúkrunarfræði	400	0	240	0	0	0	640	635
Kennaranám o.þ.h.	100	1.500	400	0	90	30	2.120	2.010
Verk-, tækni-, efnafræði, arkitektúr	1.090	0	100	0	505	51	1.746	1.561
Læknisfræði	330	0	0	0	0	0	330	330
Tannlækningar	45	0	0	0	0	0	45	45
Listnám	0	0	0	0	0	284	284	278
Framhaldsskólastig	0	0	0	40	185	0	225	222
Samtals 2006	5.665	1.500	1.185	440	1.940	365	11.095	10.639
Áætlað 2005	5.450	1.450	1.090	400	1.905	344		
Meðal verðhlutfall*	1,5	1,7	1,5	1,0	1,3	3,4		

*Meðal verðhlutfall er reiknað án tillits til frádráttar skv. reglum nr. 646/1999

Í samningum við skólana er kveðið á um það hvernig brugðist skuli við ef nemendafjöldi reynist annar en fjárlögin gera ráð fyrir.

¹ Í fjárukalögum 2005 varð samþykkt að ríkisháskólarnir mættu innheimta allt að 45 þús.kr í formi innritunargjalda. Frádráttur sem skilgreindur er í reglum nr. 646/1999 um fjármögnun háskóla, er þó óbreyttur þ.e. áfram er miðað við 87% af 32.500 kr. á hvern ársnemenda